

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/526
komudagur 12.12.2001

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 12.12.2001

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Vesturlands um frumvarp til laga um breyting á vatnalögum nr. 15/1923. (127. löggjafarþing 2001-2002 Þskj. 11-11. mál)

Náttúruverndarsamtök Vesturlands fagna framkominni breytingartillögu á lögum 15/1923 sem fram kemur með frumvarpi þessu. Tillagan felur í sér að enn frekari aðgát og varúð verði höfð í tengslum við stórfellda vatnsflutninga milli vatnasviða. Fyllsta ástæða er til slíkrar varúðar þar sem slík inngip geta haft geysileg áhrif á vistkerfi og vatnsbúskap stórra landssvæða, enda verði slíkt aldrei gert nema í kjölfar itarlegs umhverfismats. Mörkin 4 rúmmetrar á sekúndu geta vel sýnst hæfileg. Spurning er þó hvort að framkvæmdaaðilar séu líklegir til að fara í kring um slík ákvæði með því að hluta upp veitukerfi í fleiri einingar undir 4 rúmmetrum. Fordæmi sýna t.d. í vegagerð þar sem nýlagning vega yfir 10 km er umhverfismatsskyld að fjöldi vegarkafla sem nú eru lagðir eru einkennilega oft rétt undir þessu 10 km marki, að því er virðist til að sneiða hjá matsferlinu.

Virðingafyllst,

Björn Þorsteinsson form